Nd. **254. Frumvarp til laga** [109. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir listasafninu a. m. k. 500 þús. krónur árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsh† hattu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án endurgjalds á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara, og er æskilegt að þeir séu fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvara.

Verði kennsla í listsögu hafin í Háskóla Íslands, skal kennarinn í þeirri grein eiga sæti í safnráði, en heimspekideild velur varamann hans. Þangað til nefnir deildin mann og varamann í ráðið til fjögurra ára í senn, svo og ef kennarinn í listsögu á þegar sæti í safnráði.

Forstöðumaður listasafnsins skal eiga sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður ráðsins. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma fyrir kjördag til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Rísi ágreiningur um, hverjir skuli vera á kjörskrá, fellir Menntamálaráð Íslands um það fullnaðarúrskurð.

Forstöðumaður listasafnsins boðar síðan alla þá, sem á kjörskrá eru, til fundar með auglýsingu í ríkisútvarpi og dagblöðum. Hann setur fund og gengst fyrir kjöri fundarstjóra, en víkur síðan af fundi. Fundarstjóri stýrir kosningu safnráðsmanna, og skal hún fara fram skriflega.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar, ef safnstjóri er henni andvígur. Ef ágreiningur rís milli safnstjóra og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð hvors aðila í gerðabók ráðsins.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundaréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 11. janúar 1957 fól menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Birni Th. Björnssyni, listfræðingi, Gunnlaugi Scheving, listmálara, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, stjórnarráðsfulltrúa, og frú Selmu Jónsdóttur, umsjónarmanni listasafnsins, að semja frumvarp til laga um listasafn. Nefndin gerði frv., sem síðan var borið undir Bandalag íslenzkra listamanna, Félag íslenzkra myndlistarmanna, félagið „Óháðir listamenn“, Nýja myndlistarfélagið, þjóðminjavörð og Menntamálaráð Íslands og eru umsagnirnar birtar sem fylgiskjöl.

Ráðuneytið hefur, að höfðu samráði við nefndina, tekið til greina ábendingar Félags ísl. myndlistarmanna, sem fjallaði um frumvarpið fyrir hönd Bandalags ísl. listamanna, og sumar athugasemdir þjóðminjavarðar. Þá telur nefndin það ekki skipta miklu máli, hvort sú tilhögun um skipan safnráðs verði höfð, sem félagið „Óháðir listamenn“ aðhyllist, eða sú, sem ofan á varð í nefndinni, er frv. var samið. Hefur ráðuneytið ekki breytt því atriði.

Frá Nýja myndlistarfélaginu hafa engar athugasemdir borizt.

Menntamálaráð Íslands er andvígt frumvarpinu og telur það að taka stjórn safnsins undan Menntamálaráði brjóta í bág við það, sem til hafi verið ætlazt með lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Þarna gætir misskilnings, því að í þeim lögum segir í 7. gr. að meðal verkefna Menntamálaráðs sé „að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, þar til lög verði sett um safnið.“

Þegar frv. að lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð var lagt fyrir þingið, segir nefndin, sem undirbjó það, að hún geri ráð fyrir því, að ákveðnum hluta af tekjum Menningarsjóðs verði hér eftir sem hingað til varið til kaupa á listaverkum handa Listasafni ríkisins enda „þótt samdar kunni að verða nýjar reglur um listaverkakaup og þau falin öðrum aðila en fram að þessu hefur haft þau með höndum.“

Greinargerð sú, er nefndin lét fylgja frumvarpinu til ráðuneytisins, fer hér á eftir, svo og umsagnir um frumvarpið:

„Nefndin hefur rætt verkefni þetta á allmörgum fundum, kynnt sér tiltæk gögn um ríkislistasöfn á Norðurlöndum og orðið ásátt um að skila frumvarpi því, sem skráð er hér að framan. Eru nefndarmenn sammála um frumvarpið að öðru leyti en því, að tveir nefndarmenn æskja að skipan safnráðs sé með öðrum hætti en ráðgert er í 5. gr. og vísast um það til umsagnar um þá grein hér á eftir.

Fyrstu drögin að listasafni hér á landi voru hin 38 málverk, sem hingað voru gefin árið 1885 fyrir atbeina Björns Bjarnarsonar (1853—1918), síðar sýslumanns og alþingismanns Dalasýslu. Flest voru málverkin eftir danska málara eða 29 þeirra, 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Meðal gefenda var Kristján konungur IX., en listamenn gáfu hin málverkin flest. Megin-

hluti myndanna kom til landsins árið 1885, en hin síðustu árið 1887. Málverkin voru send landshöfðingja, en hann kom þeim í alþingishúsið til varðveizlu.

Næst bættust við myndir þær, 29 að tölu, er Edvald J. Johnsen, læknir (1838—1893), ánafnaði safninu eftir sinn dag, og bárust þær til landsins árið 1895. Árið 1896 bættust enn í safnið tvö málverk. En fyrsta myndin, sem listasafnið eignaðist eftir Íslending, var höggmyndin „Útilegumaður“ eftir Einar Jónsson frá Galtafelli (1874—1954). Gaf Ditlev Thomsen, ræðismaður, safninu myndina árið 1902. Hún er nú í listasafnshúsi Einars Jónssonar. Árið 1911 gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu olíumálverkið „Áning“ eftir Þórarin B. Þorláksson (1867—1924), og var það fyrsta málverkið, sem safnið eignaðist eftir íslenzkan mann.

Samkvæmt málaleitan þjóðminjavarðar til Stjórnarráðs og Alþingis fólu forsetar þingsins honum með bréfi, dagsettu 16. september 1915, „alla umsjón, niðurskipun og skrásetning allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið“ og kváðust ætlast til, að safn þetta yrði „framvegis sem sérstök deild af þjóðmenjasafni landsins“ og að ekki yrði keypt „neitt af listaverkum til þessa safns, nema með samráði við þjóðmenjavörðinn.“ Veitti Alþingi um leið fé til aðstoðar við umsjón með sýningu listasafnsins á næstu tveimur árum. Í byrjun næsta árs eða 24. janúar 1916, ákvað Stjórnarráðið eftir tillögu þjóðminjavarðar, að „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðmenjavarðar, og vera ein deild af Þjóðmenjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til listasafnsins.“

Þannig var listasafnið komið í umsjá þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, og lét hann sér jafnan mjög annt um það. Alþingi veitti nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist svo að segja árlega myndir eftir hina upprennandi íslenzku listamenn. Við áramót 1915—1916 eru taldar í höggmyndasafninu 7 myndir, en 91 í málverkasafninu.

Safninu hafa fyrr og síðar borizt ýmsar góðar gjafir. Má þar til nefna, auk þeirra, sem þegar eru greindar, fimm íslenzk og tvö erlend olíumálverk, er Guðjón Sigurðsson, úrsmiður (1864—1915), arfleiddi safnið að og komu í eigu þess árið 1915. Árið 1919 barst safninu gjöf sú, er Helgi prestur Sigurðsson að Melum (1815—1888) ánafnaði því í arfleiðsluskrá sinni 24. júlí 1888. Eru þetta 43 myndir eftir hann sjálfan, flest skólateikningar, en þrjú olíumálverk og mynd sú, er hann gerði af Jónasi Hallgrímssyni látnum.

Árið 1947 gaf Christian Gierlöff, rithöfundur í Oslo, safninu fimmtán svartlistarmyndir eftir norska málarann Edvard Munch. Sama ár gáfu nokkrir menn í Reykjavík átta olíumálverk eftir danska málarann Carl V. Meyer. Frú Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar Ívarssonar, forstjóra, og dætur hennar afhentu safninu 56 málverk að gjöf 27. ágúst 1951, en þann dag var safnið opnað í húsi þjóðminjasafnsins. Eru málverk þessi öll eftir íslenzka listamenn. Sama ár gaf Magnús Grönvold, yfirkennari í Oslo, safninu 27 blýantsteikningar eftir bróður sinn, Bent Grönvold, og síðar sama ár gaf Ragnar Moltzau, útgerðarstjóri í Oslo, safninu 51 svartlistarmynd eftir norska listamenn. L. Foght, forstjóri í Kaupmannahöfn, gaf safninu 11 olíumálverk og 24 svartlistarmyndir árið 1953. Eru þær myndir allar eftir danska listamenn.

Síðast en ekki sízt ber að geta þess, að Ásgrímur Jónsson, listmálari, ákvað árið 1952 að ríkissjóður skyldi eftir sinn dag eignast öll málverk sín og húseign. Mælir hann jafnframt svo fyrir, að málverkin skuli varðveitt í húsi hans „þar til listasafn hefur verið byggt, þar sem myndum mínum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit sé unnt að fá um safn mitt.“ Mun þessi mikla gjöf því væntanlega koma í listasafnið þegar húsrýmið svarar til þess, sem gefandinn mælti fyrir um.

Árið 1928 voru sett lög um Menntamálaráð og Menningarsjóð, og í þeim ákveðið, að listasafnið skyldi vera undir stjórn Menntamálaráðs og fé varið úr Menningarsjóði til listaverkakaupa. Hefur á tímabilinu 1928—1957, að báðum þeim árum

meðtöldum, verið varið kr. 1 307 220.00 til listaverkakaupa. Fylgir hér með skrá um myndir safnsins frá öndverðu. Um tímabilið fram að 1928 hefur umsjónarmaður safnsins, frú Selma Jónsdóttir, listfræðingur, gert skrá og stuðzt þar að nokkru við skrár frá dr. Matthíasi Þórðarsyni, en skrifstofa menntamálaráðs hefur gert yfirlitið um myndir safnsins 1928 og síðan.

Áður en listasafnið fékk til umráða húsnæði, er það nú hefur í þjóðminjasafnsbyggingunni, voru eigi tök á að hafa safnið til sýnis. Voru þá sum málverk þess lánuð í skóla og ýmsar aðrar opinberar byggingar, en flest hafa þau nú aftur verið flutt í safnið. Fól Menntamálaráð listmálurunum Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni, ásamt frú Selmu Jónsdóttur, — er hafði verið ráðin umsjónarmaður við safnið í októbermánuði 1950, — að koma myndum safnsins fyrir í sýningarsölum þess. Að því búnu var safnið opnað 27. ágúst 1951 af Birni Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, að viðstöddum mörgum listamönnum og öðrum.

Efnt hefur verið til ýmissa sérsýninga í safninu, svo sem á myndum Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar Sv. Kjarval. Þá var undirbúin og sýnd í safninu í nóvember 1950 íslenzka listsýningin, er send var til Noregs, árið 1952 listsýning sú, er síðan var opnuð í Brüssel, og einnig listsýning, er opnuð var í Kaupmannahöfn árið 1954 í sambandi við hina opinberu heimsókn forsetahjónanna til Danmerkur. Sama ár var sýning norskrar myndlistar í húsakynnum safnsins og sýning á danskri myndlist árið 1956, er dönsku konungshjónin endurguldu heimsókn forsetahjónanna.

Árið sem listasafnið var opnað, var aðgangseyrir að safninu fimm krónur fyrir manninn. Komu í safnið frá því að það var opnað í lok ágústmánaðar 1951 til ársloka 817 menn á 123 sýningardögum. Um áramótin næstu (1951—1952) var hætt að selja aðgang að safninu og hefur eigi verið gert síðan. Aðsókn að safninu hefur verið sem hér segir: Árið 1952 6079 gestir á 91 sýningardegi, árið 1953 9162 gestir á 194 sýningardögum, árið 1954 7884 gestir á 147 sýningardögum, árið 1955 7788 gestir á 161 sýningardegi og árið 1956 5571 gestur á 137 sýningardögum, — en safnið var lokað nokkra fyrstu mánuði ársins.

Sést af þessu stutta yfirliti, að menn hafa sýnt safninu örlæti og áhuga á undanförnum árum.

Undirbúningsnefnd þessa frumvarps hefur aflað sér gagna um opinber listasöfn á Norðurlöndum, og skulu hér dregin saman helztu atriðin, sem varða stjórn þeirra:

### Statens Museum for Kunst, Kaupmannahöfn.

Lög eru engin til um safn þetta, heldur hefur því verið stjórnað samkvæmt starfsvenjum, sem myndazt hafa smátt og smátt. Kaup á listaverkum hefur svonefnd „Gallerikommission“ annazt, en forstjóri safnsins er sjálfkjörinn í nefndina og formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru þrír, einn skipaður af viðkomandi ráðuneyti (löngum prófessor í listsögu við háskólann) og tveir, málari og myndhöggvari, kosnir af dönskum listamönnum. Árið 1944 var komið á fót nefnd til að undirbúa tillögur um framtíðarskipan safnsins, og hefur álit hennar verið gefið út prentað. Í álitsgerðinni leggur meiri hlutinn til að safninu verði skipt í þrjár sjálfstæðar deildir eða sérsöfn: 1) safn gamalla málverka, 2) höggmyndasafn, 3) safn nútímalistar. Fyrir hverri deild sé forstöðumaður, sem hafi einn á hendi alla stjórn deildarinar (eða safnsins), nema listaverkakaup. Um þau eigi að fjalla sérstök nefnd, sem sé skipuð forstöðumanninum, einum manni skipuðum af ráðuneytinu og nokkrum („et antal“) listamönnum, völdum af samtökum myndlistarmanna. Sé forstöðumaðurinn formaður nefndarinnar, svo sem tíðkazt hefur. Hlutverk þessarar nefndar sé enn fremur að ákveða um móttöku gjafa, er safninu kunna að bjóðast.

Minni hluti nefndarinnar telur hlutdeild myndlistarmanna í nefndinni (Gallerikommissionen) næga eins og verið hefur og varar mjög við því að gera safnstjórnina

ómynduga með því að gera vald hinna kjörnu myndlistarmanna of mikið í nefndinni. Enn fremur telur minni hlutinn að ákvarðanir um móttöku gjafa eigi að heyra undir safnstjóra einan og þá listfróða menn, er hann kynni að vilja kveðja sér til ráðuneytis.

Ekki er oss kunnugt að lög hafi enn verið sett um safnið.

## Nationalgalleriet, Oslo.

Lög um safnið eru frá 1925. Safnstjóri er skipaður af konungi, en ásamt honum er stjórn safnsins í höndum 10 manna safnráðs, sem skiptist í þrjá hópa, þannig:

1. Tveir málarar og einn myndhöggvari úr stjórn Félags norskra myndlistarmanna.
2. Tveir málarar og einn myndhöggvari, valdir meðal þeirra, sem eiga verk í safninu.
3. Einn listfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Einn fornfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Tveir áhugamenn um myndlist („kunstforstandige personer"), annar skipaður, en hinn kjörinn af félaginu „Nationalgalleriets Venner".

Hópur nr. 2 er kosinn af þeim meðlimum ráðsins, er skipa 3. hóp, og fer sú kosning fram áður en myndlistarmenn hafa valið sína fulltrúa (þ. e. 1. hóp). Þegar ráðið er fullskipað, kýs það sér formann og varaformann.

Helzta hlutverk safnráðs er að annast kaup á listaverkum, en allur daglegur rekstur, ákvarðanir um sérsýningar, fyrirkomulag og slíkt, er í höndum safnstjóra. Safnráðið ákveður enn fremur um heildarskiptingu þess fjár, sem safnið hefur til listaverkakaupa, milli hinna einstöku greina. Fundir þess eru haldnir að boði formanns, safnstjóra eða minnst tveggja meðlima.

Þegar um kaup á listaverkum er að ræða, er um það fjallað í sérnefndum innan ráðsins á þenna hátt:

1. a. Nútíma málverk: safnstjóri og hinir 4 málarar ráðsins.
   b. Nútíma höggmyndir: safnstjóri og hinir 2 myndhöggvarar ráðsins.
2. a. Gömul málverk: safnstjóri, listfræðingurinn og tveir af málurunum, hvor úr sínum hópi.
   b. Gamlar höggmyndir: safnstjórinn, listfræðingurinn og annar af hinum tveim myndhöggvurum ráðsins.
3. Fornlist: safnstjóri, fornfræðingurinn og annar af myndhöggvurum ráðsins.

Safnstjórinn er ávallt formaður þessara undirnefnda. Ákvörðun verður því aðeins tekin gegn atkvæði hans, að allir hinir nefndarmennirnir séu sammála.

Sömu reglur gilda um móttöku gjafa sem um kaup.

## Nationalmuseum, Stokkhólmi.

Lög þau sem gilda um safnið eru að uppistöðu frá árinu 1921, en hefur verið breytt 1944, 1945, 1946, 1954, 1955 og 1956. Samkvæmt núgildandi lögum er safninu skipt í fjórar deildir: 1) deild nútíma málara- og höggmyndalistar, 2) deild fyrir koparstungur og teikningar, 3) deild eldri málara- og höggmyndalistar, 4) deild listiðnaðar. Auk þessa heyra undir safnið öll listaverk í eigu ríkisins, sem geymd eru utan safnsins, svo sem í konungshöllunum, þinghúsinu o. s. frv.

Yfir öllu safninu er safnstjóri („överintendent"), en yfir hverri deild sérstakur deildarstjóri („intendent"). Safnráð er samansett af safnstjóranum, sem er formaður þess, og hinum fjórum deildarstjórum. Enn fremur má kveðja á fundi þess aðra starfsmenn safnsins, ritara, bóka- og ljósmyndavörð, viðgerðamann listaverka og aðra, eftir því hvaða mál eru rædd. Rísi ágreiningur milli deildarstjóra og safnstjóra, eiga báðir aðilar rétt á því að láta bókfæra málsrök sín í gerðabók ráðsins.

Safnráð kemur saman að boði safnstjóra, en þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Undir safnráð heyrir: 1) kaup á listaverkum, 2) viðtökur gjafa, 3) viðgerð listaverka, 4) sala eða lán listaverka úr safninu.

**Ateneum, Helsinki.**

Safn þetta er ekki ríkisstofnun nema að nokkru leyti. Það var stofnað af „Finska konstföreningen“ árið 1849 og stjórnað af því félagi fram til ársins 1940. Það hefur jafnan notið allmikilla styrkja úr ríkissjóði og frá Helsinkiborg og lengst af hefur það verið til húsa í Ateneumbyggingunni (ásamt listaháskóla Finnlands, „Finlands konstakademi“), en sú bygging er eign finnska ríkisins. Árið 1940 var safnið sett undir stjórn listaháskólans, þó með sérstökum forstjóra, og hefur akademi-ráðið haft svipað vald um stjórn safnsins og safnráð annarra safna, sem hér hafa verið nefnd. Eigi eru tiltæk gögn um skipun akademi-ráðsins.

Af upplýsingum þessum má draga saman þessa heildarniðurstöðu:

1. Við öll söfnin er *safnráð*, til tryggingar því, að sem flest sjónarmið og sem hlutlægast mat komi fram við kaup á listaverkum.
2. Við tvö ríkissöfnin (danska og sænska) er forstjóri safnanna sjálfkjörinn formaður safnráðanna, en í norska safnráðinu er hann sjálfkjörinn formaður undirnefndanna, sem ákveða um listaverkakaupin. Í safnráði norska ríkissafnsins hefur safnstjóri enn fremur þau völd umfram aðra safnráðsmenn, að atkvæði allra annarra þarf gegn atkvæði hans, verði ágreiningur.
3. Í ráðum norska og danska safnsins eiga myndlistarmenn allmikla hlutdeild, helming fulltrúanna í danska safnráðinu, en sex af ellefu í því norska. Að ráði sænska ríkissafnsins eiga myndlistarmenn hins vegar enga aðild.
4. Verksvið safnráðanna er yfirleitt aðeins kaup listaverka og móttökur gjafa. Um aðra starfsemi safnsins er safnráð aðeins til ráðuneytis safnstjóra.

Með frumvarpinu um Listasafn Íslands hefur verið farin mjög svipuð leið og hér er mörkuð, en þó leitazt við að sníða það eftir séraðstæðum okkar Íslendinga.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

**Um 1. gr.**

Safnið hefur ýmist verið nefnt Listasafn Íslands eða Listasafn ríkisins. Álítum við rétt að lögfesta heitið Listasafn Íslands.

Skv. fskj. I. hér á eftir hefur á árunum 1928—1957 verið varið til listaverkakaupa handa safninu sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1928 | kr. | 17 950.00 | 1944 | kr. | 38 100.00 |
| 1929 | — | 11 444.00 | 1945 | — | 28 450.00 |
| 1930 | — | 37 955.00 | 1946 | — | 45 000.00 |
| 1931 | — | 11 365.00 | 1947 | — | 24 600.00 |
| 1932 | — | 5 592.00 | 1948 | — | 36 700.00 |
| 1933 | — | 14 550.00 | 1949 | — | 53 000.00 |
| 1934 | — | 4 500.00 | 1950 | — | 59 300.00 |
| 1935 | — | 2 475.00 | 1951 | — | 42 000.00 |
| 1936 | — | 3 950.00 | 1952 | — | 66 900.00 |
| 1937 | — | 9 540.00 | 1953 | — | 90 600.00 |
| 1938 | — | 17 395.00 | 1954 | — | 231 840.00 |
| 1939 | — | 8 050.00 | 1955 | — | 141 700.00 |
| 1940 | — | 14 775.00 | 1956 | — | 42 000.00 |
| 1941 | — | 10 950.00 | 1957 | — | 208 500.00 |
| 1942 | — | 33 700.00 | | | |
| 1943 | — | 20 350.00 | Samtals | kr. | 1 333 231.00 |

Um 2. gr.

a. Þarfnast ekki skýringa.

b. Meginþorri þeirra erlendu mynda, sem safnið á nú, hefur því borizt að gjöf, og því ógerningur að mynda með þeim neitt samfellt yfirlit. Hins vegar er æskilegt, að safnið geti í framtíðinni einnig aflað sér erlendra listaverka að eigin vali. Með ákvæðinu um, að tíu af hundraði þeirrar fjárhæðar, sem ár hvert er ætluð til listaverkakaupa, skuli varið til kaupa á erlendum listaverkum, er hlutur íslenzkrar listar sáralítið skertur, en hins vegar veitt nokkur fjárráð til að hefjast handa um kaup á erlendum verkum.

c. Verkefni listasafna er yfirleitt tvíþætt: Annars vegar að varðveita og sýna listaverkin, hins vegar almennt fræðslustarf um myndlist með útgáfustarfsemi, fyrirlestrum o. fl. Þar sem við Háskóla Íslands fer eigi fram kennsla í listsögu er æskilegt að safnið sinni fræðslustarfsemi á þessu sviði eftir því sem við verður komið.

d. Mörg erlend listasöfn hafa hin síðari ár látið gera kvikmyndir um myndlist þjóða sinna, og hafa þær í senn orðið hin ákjósanlegasta listkynning heima fyrir, t. d. í skólum, og landkynning erlendis. Æskilegt er að ekki dragist öllu lengur að gera kvikmyndir um brautryðjendur íslenzkrar nútímalistar. Yrðu slíkar myndir, ef vel tækist til um gerð þeirra, góð fræðslutæki og ómetanleg gögn íslenzkri menningarsögu. Í fjárlögum fyrir árið 1957 voru ætlaðar 20 þús. kr. til kvikmyndagerðar undir stjórn Þjóðminjasafnsins. Nefndin telur æskilegt, að Listasafninu verði einnig tryggð nokkur fjárhæð í þessu skyni. Vel virðist geta komið til greina að láta gera kvikmynd um forna íslenzka list, t. d. um myndskreyting handritanna. Skipuleg heimildaöflun um íslenzka myndlist, forna og nýja, er að sjálfsögðu nauðsynleg forsenda þeirra framkvæmda, sem nefndar eru hér að framan, í liðunum c—d.

f. Sjálfsagt er að sýna íslenzka myndlist sem víðast um landið. Virðist einsætt að láta listasafnið efna til farandsýninga, ýmist með eigin myndum eða í samstarfi við listamenn. Skólahús ýmis og félagsheimili virðast kjörnir áfangastaðir fyrir slíkar farandsýningar.

g. Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður safnsins, safnvörður og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum og að laun þeirra verði hin sömu og annarra hliðstæðra starfsmanna við íslenzk ríkissöfn, svo sem Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Náttúrugripasafn. Nú starfar við safnið umsjónarmaður, er ráðinn var þangað í október 1950 og skipaður í starfið árið 1953. Auk þess hafa verið gæzlukonur við safnið á sýningardögum og önnur keypt aðstoð við ýmis sérstök verkefni.

Um 5. gr.

Sjálfsagt virðist að forstöðumaður listasafnsins eigi sæti í safnráði og að myndlistarmenn séu með í ráðum um stjórn safnsins. En þar sem þeir hafa ekki með sér neitt sameiginlegt félag og allmargir þeirra eru ófélagsbundnir, er í frumvarpinu farin sú leið að ætla öllum myndlistarmönnum, sem fullnægt hafa inntökuskilyrðum myndlistarfélaganna og verið hafa eða eru félagsmenn í þeim, rétt til þess að kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð, myndhöggvara og tvo listmálara, á fundi, sem forstöðumaður listasafnsins annast um að kveðja saman. Félög myndlistarmanna eru nú þrjú, Félag íslenzkra myndlistarmanna, Nýja myndlistarfélagið og Félag óháðra

listamanna. Um val fimmta mannsins í safnráð hefur nefndin eigi orðið sammála. Meiri hlutinn (Birgir Thorlacius, Björn Th. Björnsson og Selma Jónsdóttir) lítur svo á, að fyrr eða síðar muni verða hafin kennsla í myndlistarsögu við háskólann og sé þá einsætt að ætla kennaranum í þeirri grein fast sæti í ráðinu og fela heimspekideild að nefna til varamann hans, en þangað til nefni deildin aðalmann og varamann í ráðið, — og eins ef svo skyldi skipast, að forstöðumaður safnsins yrði jafnframt kennari í listsögu við háskólann. Minni hlutinn (Gunnlaugur Scheving og dr. Gunnlaugur Þórðarson) leggja hins vegar til, að sá hluti frumvarpsgreinarinnar, er að þessu lýtur, orðist svo: „Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra, svo og varamann hans. Skipun þeirra skal fara fram í þann mund, er ráðherra skipar formann útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar“. Er það álit minni hlutans, að á þenna hátt sé áhugamönnum um myndlist tryggður fulltrúi í safnráði svo sem er í Noregi, og ráðuneytinu veitt beinni hlutdeild um stjórn safnsins. Þá sé þess enn fremur að gæta, að æviseta fleiri en eins manns í safnráði sé að ýmsu leyti óæskileg.

Um 6. gr.

Þar sem forstöðumaður safnsins ber að sjálfsögðu mesta ábyrgð á safninu, annast daglegan rekstur þess og hlýtur að móta mest þá stefnu sem fylgt er í störfum þess, virðist eðlilegt að veita honum þá aðstöðu í safnráði sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, þ. e. að samhljóða atkvæði allra annarra safnráðsmanna þurfi til ályktunar, ef forstöðumaður er henni andvígur. Þá er talið að það sé til bóta að krefjast skriflegrar greinargerðar hvors aðila um sig í gerðabók ráðsins ef slíkur ágreiningur verður, svo að deiluefni og málsrök liggi jafnan ljóst og ótvírætt fyrir. — Rétt virðist að safnráðsmenn fái þóknun fyrir störf sín.

Um 7. gr.

Meginhlutverk safnráðs verður að sjálfsögðu val mynda til safnsins. Sjálfsagt virðist þó, að safnráð taki einnig ákvarðanir um, hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast, hvort efna eigi til sérsýninga, og hafi safnráð og forstöðumaður yfirleitt samstarf og samráð um málefni þau, er miklu varða fyrir safnið.

Um 8. gr.

Með grein þessari er að því stefnt, að listaverkakaup safnsins miðist einvörðungu við það, að safnið eignist á hverjum tíma þær myndir, sem því er fengur í sakir listgildis þeirra og að engin önnur sjónarmið ráði myndavali.

Um 9. gr.

Vera má að safnstjórn bjóðist betra verk einhvers myndlistamanns en safnið á, en hafi hins vegar ekki fjárráð eða aðrar aðstæður til að bæta því við, nema láta aðra mynd af hendi eftir sama höfund. Má vera að safnið eigi t. d. allmörg verk frá einhverju ákveðnu tímabili á starfsferli listamannsins, en fá eða engin frá öðru skeiði. Þykir því sjálfsagt að heimila safnstjórn skipti á myndum, ef höfundur er á lífi og samþykkur ráðstöfuninni. Að öðru leyti þykir ekki rétt að heimila sölu mynda úr eigu safnsins.

Um 10. gr.

Það er kunnugt vandamál listasafna erlendis, að þeim berast tilboð um gjafir, gegn ákveðnum skilyrðum, er eigi samrýmast tilgangi safnanna. Virðist rétt að setja hér þau ákvæði, að gjafir til safnsins lúti sömu reglum og önnur listaverk þess, svo og að gjöfinni skuli fylgja formlegt gjafabréf.

Um 11. gr.

Um skeið voru myndir listasafnsins lánaðar í skóla og aðrar opinberar byggingar. Eftir að safnið hefur fengið sýningarsali getur verið að því mikið óhagræði að hafa myndirnar í lánum, jafnvel þótt þær séu í öruggri vörzlu. Listaverk þau, sem til safnsins eru keypt, eiga menn að geta séð í safninu. Skreyting opinberra bygginga er mál, sem leysa þarf með öðrum hætti en þeim að höggva skarð í listasafnið. Hins vegar þykir óhjákvæmilegt að veita safnstjórn heimild til að lána myndir á listsýningar, ef sérstök ástæða er til.

Um 12. gr.

Nefndin hafði hugsað sér að koma í veg fyrir, að salir safnsins yrðu lánaðir til sýninga, og starfsemi safnsins þannig trufluð. En hún viðurkennir réttmæti þess sem þjóðminjavörður tekur fram í sinni umsögn um frv. og leggur því til að safnráð meti þetta hverju sinni. Nauðsynlegt er að unnt sé að efna til sýninga, sem ríkið er aðili að, t. d. þegar það býður heim erlendum listsýningum svo sem var 1956 í sambandi við komu dönsku konungshjónanna. Meðan Listasafnið er í húsi Þjóðminjasafnsins, skal að sjálfsögðu hafa samráð við þjóðminjavörð um sérsýningar, sem safnið efnir til í húsinu.

Um 13. gr.

Listasafnið er nú, svo sem kunnugt er, til húsa í þjóðminjasafnsbyggingunni. Gera verður ráð fyrir því, að það safn þurfi á öllu sínu húsi að halda þegar fram líða stundir, og hljóti að því að reka, að hér verði reist sérstakt hús fyrir listasafn, enda var gert ráð fyrir því í lögum um Menntamálaráð og Menningarsjóð nr. 7/1928, 2. gr., c, og l. nr. 54/1928, 2. gr. Nefndin leggur áherzlu á, að byggingu listasafnshúss verði hraðað, enda hefur verið gert ráð fyrir því í lögum í rösk þrjátíu ár.

Um 14. gr.

Hér er í upphafi sett sú aðalregla, að réttur safnsins yfir listaverkum, sem það eignast, sé í samræmi við íslenzk höfundalög á hverjum tíma, þ. e. þau ákvæði laganna, sem lúta að afsali eða annarri afhendingu listaverks til fullrar eignar. Frá þeirri reglu eru þó gerð nokkur sérstaklega tiltekin frávik, eins og hér segir:

Réttur safnsins verður að því leyti þrengri en venjulegra afsalshafa, að hömlur eru lagðar á sölu eða aðra afhendingu listaverkanna samkvæmt 9. og 10. gr. Á hinn bóginn öðlast safnið rýmri rétt, bæði til opinberrar sýningar og eftirmyndunar, en almennt fylgir listaverki við afsal þess. Safnið fær fyrst og fremst rétt til opinberrar sýningar á listaverkunum í samræmi við tilgang sinn, sbr. a- og f-liði 2. gr., en auk þess almenna heimild til að lána þau á listsýningar, sbr. 11. gr. Þá fær safnið einnig rétt til eftirmyndunar á listaverkunum til eigin afnota og til sölu innan veggja safnsins. Hins vegar þykir rétt, að höfundar hafi íhlutunarrétt um aðrar eftirmyndanir, sem eru óviðkomandi starfsemi og tilgangi safnsins.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

## Myndir í Listasafni ríkisins.

(* merkir eign Alþingis.)

| Verð kr. | Komuár | Nr. | Nafn listamannsins | Nafn myndarinnar |
|---|---|---|---|---|
| Gjöf | 1885 | 1 | Frederik T. Kloss | Geitá og héraðið umhverfis |
| — | — | 2 | Christian A. Schleisner | Veiðimenn í Týról |
| — | — | 3 | Gotthard Werner | Hermenn í dómkirkjunni í Siena |
| — | — | 4 | Johan Boklund | Heimasæta |
| — | — | 5 | Carl F. Aagaard | Í skógi |
| — | — | 6 | Peter N. Arbo | Valkyrja |
| — | — | 7 | Carl Balsgaard | Konumynd |
| — | — | 8 | Christian Blache | Eyjafjörður |
| — | — | 9 | Janus la Cour | Birkiskógur |
| — | — | 10 | Carl J. Lund | Í veiðigarðinum |
| — | — | 11 | Frederik Rohde | Skógarstígur |
| — | — | 12 | Jörgen Sonne | Úr stríðinu 1864 |
| — | — | 13 | Anders Askevold | Farið í selið |
| — | — | 14 | Knud Bergslien | Birkibeinar forða Hákoni Hákonarsyni |
| — | — | 15 | Josef Hermann | Minjagripir |
| — | 1886 | 16 | Carl Bille | Á Norðursjónum |
| — | — | 17 | Carl M. Jensen | Í veiðigarðinum |
| — | — | 18 | Frederik Kiærskou | Í Skógi |
| — | — | 19 | Jörgen Roed | Mannsmynd |
| — | — | 20 | Joakim Skovgaard | Kjarrskógur á Skáni |
| — | — | 21 | Niels Skovgaard | Danskur bóndabær |
| — | — | 22 | Johan Wildenradt | Tisvildeskógur |
| — | — | 23 | Malmström og Gude | Víkingar heygja fallna |
| — | — | 24 | Voldemar Schults | Við miðjarðarbauginn |
| — | 1887 | 25 | Anna Ancher | Stúlkumynd |
| — | — | 26 | Michael Ancher | Sláttumaður |
| — | — | 27 | Otto Bache | Amagertorg við komu Rússakeisara |
| — | — | 28 | Johan Exner | Frá Faney |
| — | — | 29 | Peter Kröyer | Hjá Jóakim á Skaganum |
| — | — | 30 | Peter V. Kyhn | Á Borgundarhólmi |
| — | — | 31 | Georg Ligert | Um vetur |
| — | — | 32 | Carl Lund | Við Súsá |
| — | — | 33 | Anders Lunde | Bað |
| — | — | 34 | Louise Ravn-Hansen | Í Geelskógi |
| — | — | 35 | Emil Rosenstand | Stúlkumynd |
| — | — | 36 | Carl Schütte | Stjórnmálamaður |
| — | — | 37 | Anders Askevold | Dalir í Sunnfirði |
| — | — | 38 | Anders Askevold | Dalir í Sunnfirði |
| — | — | 39* | Emilius Bærentsen | Kristján konungur VIII. |
| — | — | 40* | Testrup | Páll Melsteð amtmaður |
| — | — | 41* | August Schöitt | Jón Sigurðsson forseti |
| — | — | 42* | Hans Chr. Jensen | Kristján konungur IX. |
| — | 1892 | 43 | R. Talbot-Kelly | Tyrkneskt bænahús |
| — | — | 44 | Augusta Dohlmann | Blóm |
| — | 1895 | 45 | Frederik T. Kloss | Við Öxará |
| — | — | 46 | Michael Ancher | Sjómaður |
| — | — | 47 | Carl Baagöe | Við Sönderborg |
| — | — | 48 | Otto Bache | Skarphéðinn vegur Þráinn |
| — | — | 49 | Christian Berthelsen | Í Friðriksbergsgarði |

| Verð kr. | Komuár | Nr. | Nafn listamannsins | Nafn myndarinnar |
|---|---|---|---|---|
| Gjöf | 1895 | 50 | Christian Blache | Eyjafjörður |
| — | — | 51 | Christian Blache | Við Eskifjörð |
| — | — | 52 | Christian Blache | Húsavík |
| — | — | 53 | Thorvald Brendstrup | Inni í Skógi |
| — | — | 54 | T. Coll | Skógarför |
| — | — | 55 | Christian Eckardt | Við Eyrarsund |
| — | — | 56 | Carl Emanuel Larsen | Geysir |
| — | — | 57 | Carl Locher | Á sjó við Kullen |
| — | — | 58 | Carl Locher | Úfinn sjór |
| — | — | 59 | J. H. Möller | Foss |
| — | — | 60 | Gustav Adolph Mordt | Milli fjalla |
| — | — | 61 | Johan Carl Neumann | Við strönd |
| — | — | 62 | Thorvald S. Niss | Í skógi |
| — | — | 63 | Vilhelm Pacht | Við strönd |
| — | — | 64 | M. Rasmussen | Íslandsfari |
| — | — | 65 | Vilhelm Rosenstand | Ungur Capríbúi |
| — | — | 66 | Anton Thorenfeld | Á Langalandi |
| — | — | 67 | Carl v. Schmidt-Phiseldeck | Skógartjörn |
| — | — | 68 | Frederik T. Kloss. | Bessastaðir |
| — | — | 69 | Frederik T. Kloss. | Við Elliðaár |
| — | — | 70 | Frederik T. Kloss | Brúará |
| — | — | 71 | Eftirmynd | Bertel Thorvaldsen |
| — | — | 72 | Óþekktur | Fyrir landi |
| — | 1896 | 73 | August Schiött | Við Þingvelli |
| — | — | 74 | A. Riis Carstensen | Við hellismusterið mikla |
| — | 1911 | 75 | Þórarinn B. Þorláksson | Áning |
| Keypt | 1915 | 76 | Ásgrímur Jónsson | Svínafell í Öræfum |
| — | — | 77 | Ásgrímur Jónsson | Múlakot í Fljótshlíð |
| — | — | 78 | Þórarinn B. Þorláksson | Kvöld við Breiðafjörð |
| — | — | 79 | Þórarinn B. Þorláksson | Frá Þingvöllum |
| — | — | 80 | Jóhannes S. Kjarval | Við Hornbjarg |
| Gjöf | — | 81* | Cilius J. Andersen | Jón Sigurðsson á Gautlöndum |
| — | — | 82* | Hermann Siegumfeldt | Pétur Pétursson biskup |
| — | — | 83* | P. H. Wildhardt | Friðrik konungur VIII. |
| — | — | 84 | Ásgrímur Jónsson | Frá Vestmannaeyjum |
| — | — | 85 | Ásgrímur Jónsson | Frá Vestmannaeyjum |
| — | — | 86 | Þórarinn B. Þorláksson | Stóri Dímon |
| — | — | 87 | Þórarinn B. Þorláksson | Úr Miðdölum |
| — | — | 88 | Þórarinn B. Þorláksson | Frá Þingvöllum |
| — | — | 89 | E. Boehm | Alpafjöll í Austurríki |
| — | — | 90 | Ásgrímur Jónsson | Stefanía Stefánsdóttir |
| — | — | 91 | M. Stifter | Þýzk aðalsmær |
| 300 | — | 92 | Ásgrímur Jónsson | Sumarkvöld (Öræfajökull) |
| 320 | — | 93 | Ásgrímur Jónsson | Stóralág í Hornafirði |
| 3 | — | 94 | Þóra P. Thoroddsen | Frá Hálöndum á Skotlandi |
| Gjöf | 1917 | 95 | Einar Jónsson | Minning um stríðið |
| 650 | — | 96 | Ásgrímur Jónsson | Bringa við Þjórsá |
| 500 | — | 97 | Ásgrímur Jónsson | Bleiksárgljúfur |
| 80 | — | 98 | Ásgrímur Jónsson | Eirker og leirker |
| 600 | — | 99 | Þórarinn B. Þorláksson | Hekla |
| 120 | — | 109 | Þórarinn B. Þorláksson | Útsýn frá Svignaskarði |
| 650 | 1918 | 101 | Jóhannes S. Kjarval | Epli á fati |
| 50 | — | 102 | Kristín Jónsdóttir | Frá Slútnesi |

| Verð kr. | Komuár | Nr. | Nafn listamannsins | Nafn myndarinnar |
|---|---|---|---|---|
| 500 | 1918 | 103 | Kristín Jónsdóttir | Fiskverkun við Eyjafjörð |
| Keypt | — | 104 | Adolph Adler | Grískur hermaður |
| — | — | 105–109 | Valdemar Fjeldskov | Blýantsteikningar |
| — | — | 110–111 | Óþekktur | Pennateikningar |
| 200 | — | 112 | Guðmundur Thorsteinsson | Hafnarfjall |
| 100 | — | 113 | Guðmundur Thorsteinsson | Við vatnið |
| 75 | — | 114 | Guðmundur Thorsteinsson | Þórðarhöfði |
| 75 | — | 115 | Guðmundur Thorsteinsson | Fjallaþoka |
| Keypt | — | 116 | Ríkarður Jónsson | Þorri |
| — | — | 117 | Ríkarður Jónsson | Gömul kona í Vestmannaeyjum |
| 1000 | — | 118 | Ásgrímur Jónsson | Við Húsafell |
| Gjöf | 1919 | 119–161 | Helgi Sigurðsson | Teikningar |
| 1650 | — | 162 | Jóhannes S. Kjarval | Skógarhöllin |
| Gjöf | — | 163 | J. B. Zwecker | Fjallkonan |
| — | — | 164 | Sigríður Magnússon | Fríða |
| — | — | 165 | Sigríður Gunnarsson | Gullfoss |
| 1135 | — | 166 | Ásgrímur Jónsson | Háimúli í Fljótshlíð |
| 1500 | 1920 | 167 | Jón Stefánsson | „Stilleben" |
| 1200 | 1921 | 168 | Ásgrímur Jónsson | Hvítá |
| 600 | — | 169 | Þórarinn B. Þorláksson | Stofumynd |
| 100 | 1922 | 170 | Jón Þorleifsson | Örk í Reykjafirði |
| 2000 | — | 171 | Ásgrímur Jónsson | Hekla |
| 700 | — | 172 | Júlíana Sveinsdóttir | Eiríksjökull |
| 400 | — | 173 | Guðmundur Thorsteinsson | Eldhús á Húsafelli |
| Gjöf | — | 174 | Arngrímur Gíslason | Halldórsstaðir í Bárðardal |
| 450 | — | 175 | Brynjólfur Þórðarson | Frá Mývatni |
| 50 | — | 176 | Brynjólfur Þórðarson | Taflið |
| Gjöf | — | 177 | Sigurhans Vignir | Staðarfell |
| — | 1923 | 178 | Jón Jónsson | Tryppa-Gísli |
| — | — | 179 | Þórarinn B. Þorláksson | Alþingishúsið |
| 1500 | — | 180 | Jón Stefánsson | Kvöld (Tindafjöll) |
| 750 | — | 181 | Þórarinn B. Þorláksson | Morgunn í Laugardal |
| 750 | — | 182 | Þórarinn B. Þorláksson | Úr Laugardal |
| 400 | 1924 | 183 | Eyjólfur Eyfells | Úr Húsadal á Þórsmörk |
| 350 | — | 184 | Eyjólfur Eyfells | Tindafjallajökull |
| 500 | — | 185 | Jón Þorleifsson | Höfn í Hornafirði |
| 300 | — | 186 | Jón Þorleifsson | Sólarlag |
| 760 | — | 187 | Jóhannes S. Kjarval | Álfaborgir |
| 100 | — | 188 | Ásgeir Bjarnþórsson | Í ljósaskiptum |
| Gjöf | — | 189 | Sigurður Guðmundsson | Gunnar á Hlíðarenda |
| — | — | 190 | Sigurður Guðmundsson | Grettir Ásmundarson |
| — | — | 191 | Sigurður Guðmundsson | Helgi Harðbeinsson |
| 60 | — | 192 | Tryggvi Magnússon | Frá Hólmavík |
| Gjöf | 1925 | 193* | Heinrich Dohm | Hilmar Finsen |
| — | — | 194 | Arngrímur Gíslason | Uxahver |
| — | — | 195 | Joakim Skovgaard | Jungfrúin í Ormshamnum |
| — | — | 196 | Benedikt Gröndal | Norðurfjöllin |
| — | — | 197 | Benedikt Gröndal | Goðafoss |
| — | 1926 | 198 | Finnur Jónsson | Úr Hamarsfirði |
| — | — | 199 | Finnur Jónsson | Á miðinu |
| — | — | 200–211 | Óþekktur | Andlitsmyndir |
| — | — | 212 | Elinborg Thorberg | Ung stúlka |
| 500 | — | 213 | Júlíana Sveinsdóttir | Frá Vestmannaeyjum |

| Verð kr. | Komuár | Nr. | Nafn listamannsins | Nafn myndarinnar |
|---|---|---|---|---|
| 1200 | 1927 | 214 | Jón Stefánsson | Frá Gjánni efri |
| 800 | — | 215 | Jón Stefánsson | Hrafnabjörg og Kálfstindar |
| 906 | — | 216 | Emile Walters | Um vor |
| 906 | — | 217 | Emile Walters | Í fullum blóma |
| 906 | — | 218 | Emile Walters | Öndvert haust |
| 906 | — | 219 | Emile Walters | Í fönn |
| 165 | — | 220 | Jóhannes S. Kjarval | Guðmundur bóndi |
| 165 | — | 221 | Jóhannes S. Kjarval | Öldruð kona |
| 165 | — | 222 | Jóhannes S. Kjarval | Ung stúlka |
| 1000 | — | 223 | Emanuel Larsen | Öxarárfoss |
| Gjöf | — | 224 | Theo Hemming | Frá nágrenni Þingvalla |
| 1500 | — | 225 | Ásgrímur Jónsson | Baula |
| 500 | — | 226 | Ásgrímur Jónsson | Úr Hornafirði |
| 250 | — | 227 | Ásgrímur Jónsson | Kvöld í Reykjavík |
| 600 | — | 228 | Jón Þorleifsson | Úr Hornafirði |
| 400 | 1928 | 229 | Freymóður Jóhannesson | Hallormsstaðarskógur |
| Gjöf | — | 230 | Emile Walters | Kolteikning |
| — | — | 231 | Emile Walters | Mynd af gömlum manni |
| 200 | — | 232 | Jón Þorleifsson | Úr Hornafirði |
| 200 | — | 233 | Jón Þorleifsson | Úr Hornafirði |
| 300 | — | 234 | Ásgrímur Jónsson | Vatnslitamynd |
| 300 | — | 235 | Ásgrímur Jónsson | Úr Hornafirði |
| 400 | — | 237 | Ásgrímur Jónsson | Hekla |
| 1200 | — | 238 | Ásgrímur Jónsson | Hekla |
| 975 | — | 239 | Gunnlaugur Blöndal | Konumynd |
| 600 | — | 240 | Ásgrímur Jónsson | Esjan úr Vinaminni |
| 500 | — | 241 | Ásgrímur Jónsson | Vatnslitamynd |
| 600 | — | 242 | Finnur Jónsson | Sjávarmynd |
| Gjöf | — | 243-266 | Óþekktur | Mjög illa farnar olíumyndir |
| 600 | — | 267 | Jón Þorleifsson | Hekla |
| 125 | — | 268-269 | Guðmundur Thorsteinsson | Teikningar |
| Gjöf | — | 270 | Þóra P. Thoroddsen | Frá Hálöndum |
| — | — | 271 | Þóra P. Thoroddsen | Landslagsmynd |
| — | — | 272 | Benedikt Gröndal | Norðurfjöllin |
| — | — | 273 | Benedikt Gröndal | Miðnæturmynd |
| — | — | 274 | Benedikt Gröndal | Landslagsmynd |
| 400 | — | 275 | Jón Þorleifsson | Úr Hornafirði |
| 750 | — | 276 | Jón Þorleifsson | Af Þingvöllum |
| 100 | — | 277 | Höskuldur Björnsson | Úr Hornafirði |
| 180 | — | 278 | Sveinn Þórarinsson | Heimaklettur |
| 320 | — | 279 | Sveinn Þórarinsson | Herðubreið |
| 1000 | — | 280 | Hans Olaf Heyerdahl | Niels Finsen læknir |
| 5000 | — | 281-330 | Jóhannes S. Kjarval | Andlitsmyndir |
| 1500 | — | 331 | Gunnlaugur Blöndal | Eiríkur Briem |
| 600 | — | 332 | Guðmundur Einarsson | Kerlingarfjöll |
| 800 | — | 333 | Guðmundur Einarsson | Hrútafell |
| 500 | 1929 | 334 | Ólafur Túbals | Bleiksárgljúfur |
| 300 | — | 335 | Eggert Laxdal | Sólarupprás |
| 200 | — | 336 | Eggert Laxdal | Garður |
| 200 | — | 337 | Eggert Laxdal | Suðrænn furuskógur |
| 200 | — | 338 | Eggert Laxdal | Gata í Cannes |
| 200 | — | 339 | Eggert Laxdal | Frá Suður-Frakklandi |
| 500 | — | 340 | Brynjólfur Þórðarson | Valahnúkur |

| Verð kr. | Komuár | Nr. | Nafn listamannsins | Nafn myndarinnar |
|---|---|---|---|---|
| 1000 | 1929 | 341 | Jón Stefánsson | Höfnin |
| 1000 | — | 342 | Jón Stefánsson | Eiríksjökull |
| 500 | — | 343 | Jón Stefánsson | Hvalur |
| 15 | — | 344 | Frederik T. Kloss | Húsavík |
| 10 | — | 345 | Frederik T. Kloss | Skálholt |
| 19 | — | 346 | Frederik T. Kloss | Íslenzkt landslag |
| Gjöf | — | 347 | Bertha Wegmann | Landslag í Sviss |
| — | — | 348 | Bertha Wegmann | Dauði gamals fanga |
| — | — | 349 | Bertha Wegmann | Ein á gangi í skóginum |
| — | — | 350 | Bertha Wegmann | Olíumynd |
| 250 | — | 351 | Jón Engilberts | „Stilleben“ |
| 300 | — | 352 | Jón Engilberts | Nótt |
| 850 | — | 353 | Jóhannes S. Kjarval | Hrafnabjörg |
| 600 | — | 354 | Eggert Laxdal | Af Þingvallavatni |
| 400 | — | 355 | Kristín Jónsdóttir | Kálhöfuð |
| 600 | — | 356 | Kristín Jónsdóttir | Gullfoss |
| 1000 | — | 357 | Júlíana Sveinsdóttir | Olíuviðartré á Ítalíu |
| 500 | — | 358 | Jóhannes S. Kjarval | Jöklasýn sunnanlands |
